

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Drög að frumvarpi til laga

um breytingu á kosningalögum, sveitarstjórnarlögum og lögum um lögheimili og aðsetur (sveitarstjórnarkosningar í Grindavíkurbæ).

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á kosningalögum, nr. 112/2021.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ sem fram fara 2026 á hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. eða hefur fengið umsókn samkvæmt 2. og 3. mgr. samþykkt.

Sá sem átti lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023, en flutt hefur lögheimili sitt í annað sveitarfélag, getur sótt um að vera tekinn á kjörskrá í Grindavíkurbæ við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 4. gr. Sé umsóknin samþykkt á umsækjandi kosningarrétt í Grindavíkurbæ en telst þar með hafa afsalað sér kosningarrétti í lögheimilissveitarfélagi sínu.

Þjóðskrá Íslands auglýsir í Stjórnartíðindum fyrirkomulag á móttöku og meðferð umsókna og getur umsóknarferlið verið rafrænt. Umsókn skal send Þjóðskrá Íslands eigi síðar en 45 dögum fyrir kjördag. Þjóðskrá Íslands skal afgreiða umsóknina eins fljótt og unnt er og tilkynna umsækjanda um niðurstöðuna. Umsækjanda er heimilt að skjóta synjun Þjóðskrár Íslands til úrskurðarnefndar kosningamála innan sólarhrings frá dagsetningu hennar. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er Þjóðskrá Íslands heimilt að láta sveitarstjórn Grindavíkurbæjar í té upplýsingar um þá einstaklinga sem um ræðir og upplýsa lögheimilissveitarfélag hvers og eins um niðurstöðuna.

Þrátt fyrir 29. gr. skal á kjörskrá Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar 2026 taka þá sem uppfylla skilyrði 4. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár 38 dögum fyrir kjördag og að auki þá sem hafa fengið umsókn samkvæmt 2. og 3. mgr. samþykkt, og skal samhliða taka viðkomandi út af kjörskrá í lögheimilissveitarfélagi.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. er kjörgengur í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 2026 hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu í þeim kosningum og hefur óflekkað mannorð.

Sá sem er á framboðslista, sbr. a-lið 1. mgr. 49. gr., eða hlýtur kosningu sbr. b-lið sama ákvæðis, við kosningar í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar sem fram fara 2026 heldur kjörgengi í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar til loka kjörtímabilsins án tillits til þess hvar viðkomandi á lögheimili.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ef þar til bært stjórnvald hefur bannað dvöl í eða umferð um Grindavíkurbæ á kjördag í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 2026 skulu kosningarnar engu að síður fara fram, nema þeim verði frestað skv. 124. gr., en kjörstaður, sem skal vera utan marka sveitarfélagsins, skal ákveðinn af sveitarstjórn að höfðu samráði við landskjörstjórn.

II. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 43. gr. eru þeir kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar fram að sveitarstjórnarkosningum 2030 sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu eða höfðu kosningarétt í sveitarfélaginu í sveitarstjórnarkosningum 2026, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. Þeir sem skipaðir eru í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar geta ekki setið í nefndum, ráðum og stjórnnum í öðru sveitarfélagi á sama tíma.

III. KAFLI

Breyting á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögnum kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Einstaklingi sem átti lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 og skráð hefur aðsetur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V er heimilt að eiga áfram skráð lögheimili í Grindavíkurbæ á meðan aðsetursskráningin er í gildi, enda eigi viðkomandi ekki skráð lögheimili annars staðar.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í dómsmálaráðuneytinu, í samráði við forsætisráðuneytið. Ráðuneytinu nutu aðstoðar Dr. Kára Hólmars Ragnarssonar, dósents við lagadeild Háskóla Íslands við gerð frumvarpsins.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um sérreglur um kosningarrétt og kjörgengi í Grindavíkurbæ í sveitarstjórnarkosningum sem haldnar verða 2026 í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í sveitarfélaginu og raskað hafa búsetu og daglegu lífi.

Náttúruhamfarir í sveitarfélaginu Grindavíkurbæ, þ.e. jarðhræringar og eldsumbrot, hafa varað frá 2019. Fyrsta eldgosið tengt þessum umbrotum hófst í mars 2021 við Fagradalsfjall en kaflaskil urðu undir lok október 2023 þegar kvikusöfnun varð vart á Svartsengissvæðinu. Byggði hún upp nægilegan þrýsting til að hleypa af stað kvikugangi 10. nóvember það sama ár undir svokallaðri Sundhnúksíggaröð og Grindavík. Umfangsmiklar jarðskorpuhreyfingar fylgdu þessum umbrotum, neyðarstigi var lýst yfir og Grindavíkurbær var rýmdur. Um 3.790 manns bjuggu þá í Grindavík á ríflega 1.100 heimilum.

Síðan hefur gosið níu sinnum í námunda við Grindavík og aflögunarmælingar sýna að enn er landris og kvikusöfnun undir Svartsengi, þótt smám saman dragi úr hraða kvikuinnstreymis. Út frá fyrri atburðum á Sundhnúksíggaröðinni aukast líkurnar á nýju kvikuhlaupi og eldgosi þegar sambærilegt magn kviku hefur safnast fyrir undir Svartsengi og hljóp út í síðasta gosi. Magn kviku sem runnið hefur úr Svartsengi í eldsumbrotunum frá því í mars 2024 hefur verið breytilegt, á bilinu 12–31 milljón rúmmetrar. Samkvæmt líkanreikningum í nóvember 2025 höfðu um 15 milljónir rúmmetra af kviku safnast undir Svartsengi frá síðasta eldgosi í júlí. Því er enn talsverð óvissa um hvenær næsti atburður verður og ekki er hægt að segja fyrir um hvenær þessu endurtekna hættuástandi við Grindavík lýkur.

Nú hafa um 900 manns lögheimili skráð í Grindavík en talið er að allt að 400 manns eigi að jafnaði næturstað í Grindavík en eru það auk íbúa, ferðamenn og starfsmenn með tímabundna viðveru.

Endurreisnarferli samfélagsins í Grindavíkurbæ er bæði mikilvægt og flókið úrlausnarefni en lykilatriði er að Grindvíkingar sjálfir séu í forystu endurreisnarinnar og ákvarðanir um framtíð bæjarfélagsins verði í höndum þeirra sjálfra. Kosningarétturinn er undirstöðuréttur í lýðræðissamfélagi. Því er gert ráð fyrir að sveitarstjórnarkosningar fari fram í Grindavík vorið 2026. Kosningarnar marka mikilvægan áfanga þar sem skapast nýtt lýðræðislegt umboð til að leiða bæjarfélagið í gegnum endurreisnarferlið.

Hins vegar eru ýmis álitamál vegna kosninganna sem þarf að leiða til lykta og lúta m.a. að því hverjir eigi kosningarétt og kjörgengi. Af því tilefni aflaði forsætisráðuneytið lögfræðilegrar álitsgerðar Kára Hólmars Ragnarssonar og Trausta Fannars Valssonar, dags. 13. ágúst 2025, þar sem fjallað er um tilgreind álitaeefni og bent á mismunandi leiðir til þess að afmarka kosningarrétt og kjörgengi. Með 11. gr. laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024, voru gerðar breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 og kosningalögum, nr. 112/2021, þar sem til bráðabirgða var vikið frá kröfu um lögheimili í sveitarfélaginu fyrir kjörna fulltrúa í bæjarstjórn og í nefndum, ráðum og stjórnnum Grindavíkurbæjar. Þær undanþágur gilda til loka núverandi kjörtímabils.

Við afmörkun á því hvernig rétt sé að standa að sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ vorið 2026 koma til greina ýmsar leiðir. Í samræði við Grindvíkinga er með frumvarpinu lagt til að þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 eigi val um að nýta kosningarrétt í sveitarfélaginu til viðbótar við þá sem nú eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Markmið lagasetningarinnar er að tryggja grundvallaréttindi fólks að geta notið kosningarréttar sem er liður í því að verja og endurreisa samfélagið í Grindavíkurbæ. Vegna náttúruhamfaranna sem getið er hér að framan er nauðsynlegt að útfæra sérákvæði um kosningarétt og kjörgengi þannig að Grindvíkingar geti komið að endurreisn samfélagsins þrátt fyrir að hafa þurft að flytja úr sveitarfélaginu.

Í athugasemd með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024, kemur fram að með vísun til íbúa Grindavíkurbæjar sé átt „bæði við þá íbúa í bænum sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og þá íbúa sem flutt hafa lögheimili sitt vegna náttúruhamfaranna.“ Þá hefur löggjafinn einnig gripið til sérstakra ráðstafana að því er varðar kjörgengi þeirra sem hafa flutt lögheimili sitt úr Grindavík. Ljóst má vera að endurreisn Grindavíkurbæjar er verkefni fyrir allt samfélagið sem upplifði hamfarirnar en ekki aðeins fyrir þá sem enn halda lögheimili í bænum. Kosningaréttur er eitt helsta tækið til að tryggja að ákvarðanir endurspegli vilja þeirra sem eiga beina aðild að

framtið samfélagsins. Ef aðeins hluti Grindvíkinga fengi að kjósa gæti það skapað hættu á vantrausti og tilfinningu um að vera útilokaðir frá ákvarðanatöku um framtið bæjarins. Ljóst er að stór meirihluti Grindvíkinga hefur breytt lögheimilisskráningu sinni eftir fyrstu rýmingu bæjarins þann 10. nóvember 2023. Sumir sjá fyrir sér að flytja aftur til Grindavíkur við fyrsta tækifæri en aðrir ekki.

Núgildandi ákvæði laga er varða kosningarétt og kjörgengi gera ekki ráð fyrir öðru en að fólk kjósi í lögheimilissveitarfélagi sínu. Ef engar breytingar yrðu gerðar á lögum teldust þeir einir eiga kosningarétt og kjörgengi sem eiga skráð lögheimili í Grindavík við útgáfu kjörskrár. Kjörnir fulltrúar myndu þar að auki missa kjörgengi sitt ef þeir þyrftu að flytja lögheimili sitt úr sveitarfélaginu á kjörtímabilinu.

Við afmörkun á því hvernig rétt væri að standa að sveitarstjórnarkosningum í Grindavíkurbæ vorið 2026 voru nokkrar leiðir kannaðar. Í fyrsta lagi kom til greina að hin almenna regla um lögheimilisskráningu yrði látin gilda. Í öðru lagi kom til greina að leita leiða til þess að einungis þeir hefðu kosningarétt sem í reynd hafa fasta búsetu í sveitarfélaginu, sem hafa verið töluvert færri en þeir sem hafa þar skráð lögheimili. Í þriðja lagi að þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 ættu kosningarétt þar (og hvergi annars staðar). Í fjórða lagi að þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 ættu val um að nýta kosningarétt í sveitarfélaginu. Í fimmta lagi að kosningum í sveitarfélaginu yrði frestað og í sjötta lagi að mælt yrði fyrir um breytt stjórnskipulag á svæðinu, með hugsanlegri tilfærslu verkefna og aðkomu annarra stofnana.

Með frumvarpinu er áformað að þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 eigi þess kost að nýta kosningarétt í sveitarfélaginu, en um valkvætt fyrirkomulag verði að ræða. Þannig eigi kosningarétt þeir sem eiga lögheimili í Grindavík við útgáfu kjörskrár og að auki þeir sem áttu lögheimili í Grindavík 9. nóvember 2023 og skrá sig í gegnum umsóknarkerfi sem Þjóðskrá Íslands heldur utan um. Þeir sem þannig verða skráðir á kjörskrá í Grindavík eiga ekki kosningarétt í öðrum sveitarfélögum við kosningarnar 2026, hvað sem líður skráningu lögheimilis. Þetta er því valkostur fyrir Grindvíkinga, en ef fólk nýtir sér ekki þann möguleika þá kys það í sínu „nýja“ lögheimilissveitarfélagi.

Hvað varðar kjörgengi er lagt til að það haldist í hendur við ofangreindar sérreglur um kosningarétt og haldist óbreytt út kjörtímabilið. Að sama skapi verði á þessu kjörtímabili kjörgengir í nefndir, stjórnir og ráð sveitarfélagsins þeir sem áttu kosningarétt í kosningunum 2026 auk þeirra sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu á hverjum tíma og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga.

Af þeim leiðum sem nefndar voru hér að framan hefur þessi leið í fyrsta lagi þann kost að Grindvíkingar allir geti haft áhrif á stjórn og framtið sveitarfélagsins. Með henni er brugðist við þeim aðstæðum að margir Grindvíkingar hafa, af ýmsum ástæðum, flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu. Sumir þeirra hafa í hyggju að flytjast aftur til bæjarins við fyrsta tækifæri, aðrir kunna að vera alfarnir úr sveitarfélaginu og sumir hafa einfaldlega ekki tekið ákvörðun um framhaldið í þeim efnum. Því þykir málefnalegast að heimila Grindvíkingum að ákveða sjálfir hvort þeir nýti kosningarétt í sveitarfélaginu eða í því sveitarfélagi sem þeir eiga nú lögheimili í. Með þessu er komið til móts við jafnræðissjónarmið og komið í veg fyrir að kosningaréttur ráðist af atriðum sem eru að nokkru leyti handahófskennd, t.d. hverjir eigi enn skráð lögheimili í sveitarfélaginu eða dveljist þar að staðaldri þrátt fyrir óvissuástand.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Reglur frumvarpsins um kosningarrétt.

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði til bráðabirgða við kosningalög, nr. 112/2021 um kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningunum í Grindavíkurbæ sem fram fara árið 2026. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að kosningarrétt eigi hver sá sem annað hvort uppfyllir hin almennu skilyrði 4. gr. laganna, þ.e. lögheimili í sveitarfélaginu og önnur hefðbundin skilyrði um aldur, ríkisborgararétt eða búsetu, eða hefur fengið samþykktu umsókn um kosningarrétt í sveitarfélaginu í samræmi við sérreglu frumvarpsins, á þeim grundvelli að hafa átt lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023, þótt hann eigi nú lögheimili í öðru sveitarfélagi. Í ákvæðinu er mælt nánar fyrir um málsmeðferð og kærurétt og tekið fram að þegar umsókn er samþykkt teljist viðkomandi hafa afsalað sér kosningarrétti í lögheimilissveitarfélagi.

3.2. Reglur frumvarpsins um kjörgengi.

Í samræmi við fyrirhugaða breytingu á kosningarrétti eru lagðar til breytingar á reglum um kjörgengi í sveitarstjórn, með nýju ákvæði til bráðabirgða við kosningalög, nr. 112/2021, og kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar, með nýju ákvæði til bráðabirgða við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011. Þannig haldist kosningarréttur og kjörgengi að og einstaklingar missa ekki kjörgengi út kjörtímabilið þrátt fyrir breytingar á lögheimilisskráningu.

3.3. Fylgireglur í öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Til viðbótar við þessar reglur um kosningarrétt og kjörgengi er að finna í 3. gr. frumvarpsins ákvæði sem ætlað er að tryggja að kosningarnar fari fram, jafnvel þótt umferð og dvöl í sveitarfélaginu sé bönnuð á kjördag, og verði þá kjörstaður utan sveitarfélagsins. Er reglan í samræmi við heildarmarkmið frumvarpsins um að tryggja að sveitarstjórnarkosningar fari fram á fyrirhuguðum tíma.

Þar að auki er í 5. gr. frumvarpsins að finna reglu um minniháttar breytingu á ákvæði til bráðabirgða við lög um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, þar sem fjallað er um aðsetursskráningu Grindvíkinga, til þess að tryggja enn frekar að reglur um kosningarrétt í Grindavíkurbæ séu skýrar.

3.4. Framkvæmd kosninga að öðru leyti lýtur almennum reglum.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til sérreglur vegna annarra atriða er varða framkvæmd kosninganna, svo sem starfa kjörstjórna, tilhögun framboðslista, framboðsfresta, staðfestingar framboðslista o.s.frv. Um þessi atriði gilda því almennar reglur.

Álitaefni um fjölda meðmælenda með framboðslistum kom til sérstakrar skoðunar við gerð frumvarpsins. Í 2. mgr. 39. gr. kosningalaga, nr. 112/2021 er fjallað um meðmælendur framboðslista við sveitarstjórnarkosningar. Miðað við skráðan íbúafjölda í Grindavíkurbæ gerir ákvæðið kröfu um 20 meðmælendur fyrir hvern framboðslista þar sem skráður íbúafjöldi er á bilinu 501–2.000 íbúar en ef miðað væri við íbúafjölda eins og hann var 9. nóvember 2023 væri krafa um 40 meðmælendur. Samkvæmt ákvæðinu skulu meðmælin vera frá „kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi.“ Orðalagið verður að skilja svo að þeir einir sem eigi kosningarrétt í sveitarfélaginu geti verið meðmælendur. Þessar almennu reglur eru vel framkvæmanlegar við kosningar í Grindavíkurbæ þannig að framboð þurfi að afla að lágmarki 20 undirskrifta frá einstaklingum með kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjósendur geta vissulega orðið fleiri en almennt gerist í sveitarfélögum með 501–2.000 skráða íbúa vegna ákvæða frumvarpsins um kosningarrétt en það veldur ekki sérstökum vandkvæðum. Hver

framboðslisti í Grindavíkurbæ þarf því að safna 20 undirskriftum frá kjósendum, þ.m.t. þeim sem öðlast kosningarrétt með samþykktri umsókn til Þjóðskrár Íslands. Þeir einstaklingar geta ekki verið meðmælendur framboða í lögheimilissveitarfélögum sínum, enda eru þeir ekki kjósendur þar í skilningi 2. mgr. 39. gr. Við yfirferð meðmælendalista þurfa kjörstjórnir allra sveitarfélaga að gæta að þessum reglum, en þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að kjörskrár verði gefnar út í samræmi við sérreglur frumvarpsins, ætti það ekki að vera bundið vandkvæðum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

1.1. Inngangur

Fyrirkomulag kosninga, kosningarréttar og kjörgengis getur verið uppspretta álitamála um stjórnskipuleg réttindi og valdmörk handhafa ríkisvalds. Leitað var til Kára Hólmars Ragnarssonar og Trausta Fannars Valssonar, sem eru dósentar við lagadeild Háskóla Íslands, um ráðgjöf um heimildir löggjafans í þessu sambandi. Eftirfarandi umfjöllun byggir að verulegu leyti á álitsgerð þeirra dags. 13. ágúst 2025.

1.1. Sjálfstjórn sveitarfélaga og réttur til frjálsra kosninga

Sveitarstjórnarkosningar fara að nær öllu leyti fram á grundvelli almennra laga en ekki stjórnskipunarreglna og eru því á forræði og ábyrgð löggjafans. Almenn séð hefur löggjafinn því heimild til þess að mæla fyrir um hvernig kosningarrétti, kjörgengi og öðrum atriðum varðandi framkvæmd sveitarstjórnarkosninga er háttað.

Í 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.) er mælt fyrir um sjálfstjórn sveitarfélaga. Ákvæðið er talið fela í sér stjórnskipulegan tilvistarrétt sveitarstjórnarstigsins og sjálfstjórn sveitarfélaga, en í því felst m.a. að íbúar hafi lýðræðislegan rétt til að kjósa sveitarstjórn í almennum kosningum (sjá nánar Trausti Fannar Valsson: Sveitarstjórnarréttur, bls. 23-27 og „Sjálfstjórn sveitarfélaga“, Tímarit lögfræðinga, 3. tbl 2007, bls. 255-261). Það er hinn síðastnefndi þáttur 78. gr. stjskr. sem helst kæmi til skoðunar varðandi stjórnskipulegar valdheimildir löggjafans í þessu samhengi. Einnig má nefna almennar grunnreglur stjórnskipunarinnar um lýðræði og rétt til frjálsra kosninga, sem ekki eru skráðar eða nákvæmt útfærðar í stjórnarskrá, en vísa má til 3. gr. fyrsta samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) til hliðsjónar (ákvæðið á við um frjálsar kosningar til löggjafarþings en ekki sveitarstjórnarkosningar, nema í mjög sérstökum aðstæðum, sjá umfjöllun í ákvörðun MDE, Repetto Visentini g. Ítalíu (2021)).

Til fyllingar mætti líta til Evrópuráðssamnings um sjálfstjórn sveitarfélaga (CETS nr. 122) og einkum viðauka við hann um þátttökuréttindi (CETS nr. 207) sem tók gildi gagnvart Íslandi árið 2017. Í 1. gr. viðaukans kemur fram að lög skuli mæla fyrir um kosningarrétt þeirra ríkisborgara sem búa í viðkomandi sveitarfélagi. Einnig sé heimilt að tryggja með lögum kosningarrétt annarra þegar það samrýmist stjórnskipun viðkomandi ríkis og alþjóðlegum skuldbindingum þess. Þar segir einnig að formreglur, skilyrði og takmörk við kosningarrétti þurfi að uppfylla skilyrði um nauðsyn til þess að tryggja virkni lýðræðis eða til þess að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins.

Umræddar reglur og lagasjónarmið um staðbundið lýðræði eru þó fremur almennar meginreglur en skýrt afmarkaðar réttarreglur. Frávik frá því að íbúar kjósi í því sveitarfélagi sem þeir hafa raunverulega fasta búsetu eru þekkt og leiða m.a. af undantekningarreglum laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 um skráningu lögheimilis (t.d. námsmenn erlendis og alþingismenn). Umfang þess fráviks sem hér er fyrirhugað er þó eðlisólíkt. Almenn séð eru það íbúar á viðkomandi svæði sem eiga hinn lýðræðislega rétt til að kjósa sveitarstjórn á

grundvelli 78. gr. stjkskr. en samkvæmt gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar hefur sá hópur í vissum tilvikum bæði verið útvíkkaður (sumir þeirra sem eiga fasta búsetu annars staðar en skráð lögheimili í sveitarfélaginu eiga kosningarrétt) og takmarkaður (sumir útlendingar sem búa í sveitarfélaginu eiga ekki kosningarrétt). Í tilviki Grindavíkurbæjar er einfaldlega erfitt að fullyrða með afdráttarlausum hverjir ættu að teljast „íbúar“ út frá þessum almennu meginreglum um staðbundið lýðræði.

Vegna stjórnskipunarreglna um sjálfstjórn sveitarfélaga og meginreglna um lýðræði er mikilvægt að mælt sé fyrir um framkvæmd og fyrirkomulag kosninga með sem skýrustum hætti í lögum. Stöðugleiki kosningalaga er enn fremur mikilvægur og gjalda ber varhug við að breyta kosningalögum þegar skammt er til kosninga. Má vísa til viðmiða Feneyjarnefndar Evrópuráðsins um kosningaframkvæmd þar sem fram kemur að meginatriði kosninglöggjafar ættu ekki að taka breytingum þegar minna en ár er til kosninga. Ljóst er að kosningalögum er þó stundum breytt með skemmri fyrirvara, sjá t.d. lög nr. 124/2024 sem samþykkt voru 14. nóvember 2024 og höfðu áhrif á kosningarrétt einstaklinga í alþingiskosningum 30. nóvember 2024.

Hvað varðar íbúa Grindavíkur er ljóst að fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem ofangreindar meginreglur um lýðræði og frjálsar kosningar veita aðeins almenna leiðsögn um. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um rétt til frjálsra kosninga í 3. gr. 1. viðauka við MSE hefur komið fram að ekki sé um algild réttindi að ræða og raunar hafi ríki víðtækt svigrúm til mats á þessu sviði. Dómstóllinn hefur litið til þess hvort inngríp ríkisins í rétt til frjálsra kosninga sé byggt á geðþótta eða ómálefnalegum sjónarmiðum (e. arbitrariness) eða sé óhóflegt og tekið sérstaklega fram að meta þurfi aðstæður í samhengi (sjá t.d. MDE, Mathieu-Mohin og Clerfayt g. Belgíu (1987) og Ždanoka g. Lettlandi (YD) (2006). Hæstiréttur Íslands hefur enn fremur vísað til óskráðrar meðalhófsreglu íslenskrar stjórnskipunar, sjá H 10. apríl 2014 (726/2013) (auðlegðarskattur), sem kæmi væntanlega til skoðunar. Þótt Hæstiréttur hafi ekki útlistað skilyrði þeirra reglu með nákvæmni, og oftast komi meðalhóf fremur til skoðunar við mat á takmörkunum á tilteknum stjórnarskrárvörðum réttindum en sem almenn stjórnskipunarregla, má segja að meðalhófsregla gangi almennt út á skilyrði um lögmætt markmið, markhæfni, nauðsyn (ekki sé vægara úrræði í boði) og meðalhóf í þrengri merkingu (sanngjarnnt jafnvægi andstæðra hagsmuna).

Löggjafinn hefur víðtækt svigrúm til þess að mæla fyrir um fyrirkomulag sveitarstjórnarkosninga í Grindavík, þ.m.t. hvernig kosningarrétti og kjörgengi sé best fyrir komið í ljósi þessara sérstöku aðstæðna, en gæta verði að því að lagasetning byggist á málefnalegum sjónarmiðum og ekki sé gengið lengra gagnvart réttindum borgaranna en nauðsynlegt er. Lagareglur um kosningar þurfa að vera skýrar og eins stöðugar og mögulegt er. Að framangreindu gættu virðist hvorki 78. gr. stjkskr. né aðrar þær meginreglur sem hér hefur verið vísað til standa í vegi lagasetningar af því tagi sem fyrirhuguð er í frumvarpinu.

4.3. Jafnræðisregla

Þar sem fyrirhugaðar eru sérreglur um kosningar í einu sveitarfélagi er rétt að líta til jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjkskr., á þeim grundvelli hvort sérregla um kosningarrétt í tilteknu sveitarfélagi skapi ójafnræði milli kjósenda. Í dómi Hæstaréttar H 9/2023 (sérstök framfærsluuppbót) kemur hins vegar skýrt fram (mgr. 60): „Forsenda þess að jafnræðisreglan komi til álita er að tilvik sem borin eru saman séu sambærileg þannig að sýna megi fram á að mismunun hafi átt sér stað...Ef þau eru ósambærileg er almennt ekki þörf frekari rannsóknar á því hvort málefnaleg rök séu fyrir hendi.“ Staða Grindavíkur og íbúa sveitarfélagsins telst ósambærileg stöðu annarra sveitarfélaga. Á þeim grundvelli verður ekki séð að

jafnræðisreglan komi til frekari skoðunar hvað það varðar að sérreglur séu settar um Grindavík.

Jafnræðisreglan kemur hins vegar komið til skoðunar innan þess hóps sem átti skráð lögheimili í Grindavík í nóvember 2023. Af jafnræðireglunni leiðir í ákveðnum tilvikum að löggjafanum er óheimilt að láta það sama ganga yfir fólk í verulega ósambærilegri stöðu. Gagnvart einstaklingi sem flutti frá Grindavík í annað sveitarfélag, hefur selt eign sína í Grindavík, keypt fasteign annars staðar og hefur ekki hug á að flytja til baka virðist ekki málefnalegt eða í samræmi við grunnsjónarmið um staðbundið lýðræði að mæla fyrir um að viðkomandi hafi kosningarrétt í Grindavík en ekki í sínu nýja sveitarfélagi. Við þessu er því brugðist með því að gera útfærsluna valkvæða, þ.e. að með nýju lagaákvæði sé mælt fyrir um að þau sem áttu lögheimili í Grindavík þann 9. nóvember 2023 geti nýtt kosningarrétt og átt kjörgengi í Grindavík við sveitarstjórnarkosningar 2026. Taka skal fram að almennt ber að gjalda varhug við því að fólk velji í hvaða sveitarfélagi eða kjördæmi það kys eða býður sig fram. Hér eru hins vegar uppi svo sérstakar aðstæður að valkvætt fyrirkomulag virðist samrýmast best þeim grundvallarreglum sem helst koma til skoðunar, þ.m.t. jafnræðisreglunni.

5. Samráð.

Helstu hagaðilar eru Grindvíkingar, þar með talið þeir sem áttu lögheimili í bænum 9. nóvember 2023, þeir sem enn eiga lögheimili í bænum og þeir sem hafa flutt í bæinn síðan. Þá snertir frumvarpið framkvæmd kosninga og því varðar frumvarpið verkefni Þjóðskrár Íslands, landskjörstjórnar, sveitarfélaga og kjörstjórna þeirra svo og stjórnmalasamtaka og annarra framboða.

Í október 2025 var fært til samráðs á samráðsgátt stjórnvalda umræðuskjal um sveitarstjórnarkosningar og önnur atriði (mál nr. S-198/2025). Þar var kallað eftir sjónarmiðum Grindvíkinga og annarra hagaðila m.a. um hvernig væri réttast að útfæra kosningarrétt Grindvíkinga og með hvaða hætti mætti koma á skilvirkri samvinnu milli sveitarfélags og ríkis á næsta kjörtímabili þannig að hún stuðli að farsælli endurreisn og trausti samfélagsins. Niðurstöður samráðsins leiddu í ljós að á meðal þeirra sem bjuggu í Grindavík þegar goshrinan hófst er ríkur vilji til þess að eiga val um að nýta atkvæðisrétt sinn í Grindavík þrátt fyrir núverandi skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Áform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 5. desember 2025 (mál nr. S-244/2025) með umsagnarfresti til 12. sama mánaðar. Umsögn barst frá einum einstaklingi sem lýsti þeirri afstöðu að einungis þeir sem eiga lögheimili í Grindavíkurbæ ættu að fá að kjósa í sveitarstjórnarkosningum þar.

Fulltrúar forsætisráðuneytis og Grindavíkurnefndar hafa átt samráð við fulltrúa Grindavíkurbæjar við undirbúning frumvarpsins. Þá hafa fulltrúar dómsmálaráðuneytisins átt samráð við innviðaráðuneytið, sem fer með málefni sveitarfélaga og málið hefur verið kynnt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tveir vinnufundir um útfærslu frumvarpsins voru haldnir með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, Þjóðskrár Íslands, landskjörstjórnar og Grindavíkurnefndar auk þess sem fulltrúar Þjóðskrár Íslands og landskjörstjórnar komu á framfæri skriflegum ábendingum.

Niðurstaða þess samráðs sem hefur átt sér stað er samandregið sú að viðtæk sátt virðist um þá útfærslu sem lögð er til.

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er leitast við að tryggja möguleika Grindvíkinga til að koma að endurreisn samfélagsins á svæðinu með því að nýta kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi teljandi viðbótarkostnað í för með sér fyrir ríki eða sveitarfélög.

Verði frumvarpið að lögum kallar það á ákveðnar breytingar á verkefnum stjórnvalda, einkum Þjóðskrár Íslands, sem ætlað er að halda utan um umsóknarferli og gerð kjörskrár. Samráð hefur verið haft við hlutaðeigandi aðila og ekki annað komið í ljós en að viðkomandi stofnanir eru vel í stakk búnar til þess að framkvæma kosningar með þeim hætti sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Hvað varðar áhrif á jafnréttismál má geta þess að við gerð frumvarpsins voru tæplega 900 manns skráðir með lögheimili í Grindavík, af þeim um 60% karlar en 40% konur. Í byrjun árs 2023 voru 52% þeirra sem áttu lögheimili í Grindavík karlar en 48% konur. Með útfærslunni á kosningarétti sem lögð er til er verið að skapa forsendur til þess að kynjahlutfall geti orðið jafnara.

Um vernd persónuupplýsinga skal þess getið að í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild Þjóðskrár Íslands til þess að miðla til sveitarfélaga og landskjörstjórnar upplýsingum um þá sem sækja um kosningarrétt í Grindavík. Þessi heimild á þó einungis við eftir að umsóknarfresti líkur og felur í reynd í sér sömu upplýsingar og sömu aðilar fá í hendur nokkrum dögum síðar þegar kjörskrá er gefin út og er því ekki um teljanlega viðbótaráhættu gagnvart persónuvernd að ræða. Nauðsyn heimildarinnar er útskýrð í athugasemdum við viðkomandi ákvæði frumvarpsins.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar í Grindavíkurbæ sem fyrirhugaðar eru 16. maí 2026. Rétt þykir að tilgreina ekki dagsetningu kosninga í texta frumvarpsákvæðanna t.d. ef svo færi að heimildir í gildandi lögum til þess að fresta kosningum yrðu nýttar. Kosningarrétt samkvæmt frumvarpsákvæðinu eiga tveir hópar fólks:

Í fyrsta lagi þeir sem eiga skráð lögheimili í sveitarfélaginu og myndu því að óbreyttum lögum eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu, og uppfylla að öðru leyti skilyrði 4. gr. laganna um aldur, ríkisborgararétt eða lengd búsetu. Í þessum hópi kann að vera fólk sem á skráð lögheimili í Grindavík en dvelst í reynd annars staðar.

Í öðru lagi geta þeir sem áttu lögheimili í Grindavíkurbæ 9. nóvember 2023 átt kosningarrétt í sveitarfélaginu. Reglur þar að lútandi er að finna í 2. og 3. mgr. frumvarpsákvæðisins. Um er að ræða undantekningu frá hinu almenna skilyrði kosningarréttar skv. 4. gr. laganna að lögheimili og kosningarréttur haldist í hendur. Sá sem hefur flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu eftir 9. nóvember 2023, líkt og stærstur hluti Grindvíkinga hefur raunar gert, getur samkvæmt frumvarpsákvæðinu engu að síður fengið kosningarrétt í sveitarfélaginu með því að senda inn umsókn þar að lútandi til Þjóðskrár Íslands, uppfylli hann önnur skilyrði 4. gr., þ.e. um 18 ára aldur og ríkisborgararétt eða búsetu, eins og þar nánar greinir. Rétt er að taka fram að sá sem t.d. var 17 ára þann 9. nóvember 2023 og átti lögheimili í Grindavíkurbæ en hefur flutt lögheimili sitt eftir það tímamark uppfyllir nú aldurskilyrði 4. gr. laganna og getur því neytt kosningarréttar með því að senda inn umsókn í samræmi við 2. og 3. mgr. frumvarpsákvæðisins.

Miðað er við lögheimilisskráningu 9. nóvember 2023 sem er sama viðmiðunardagsetning og í bráðabirgðaákvæði V og VI í lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, sbr. lög nr.

94/2023, þar sem mælt er fyrir um heimild Grindvíkinga til aðsetursskráningar. Þann 10. nóvember 2023 var Grindvíkingum gert að yfirgefa heimili sín.

Í lokamálslið 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að samþykkt umsókn um kosningarrétt í Grindavíkurbæ hefur í för með sér að viðkomandi kjósandi telst hafa afsalað sér kosningarrétti í lögheimilissveitarfélagi sínu enda er ekki gert ráð fyrir að kjósandi geti kosið í tveimur sveitarfélögum. Þetta hefur einnig í för með sér að sá sem fær samþykktu umsókn um kosningarrétt í Grindavíkurbæ er ekki kjörgengur í sveitarstjórn í öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um umsóknarferlið til Þjóðskrár Íslands. Um er að ræða svipað fyrirkomulag og mælt er fyrir um í gildandi ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna um heimild námsmanns sem hefur flutt lögheimili sitt til Danmerkur, Finnlands, Færeyja, Grænlands, Noregs eða Svíþjóðar til að halda kosningarrétti í sveitarstjórnarkosningum. Líkt og í því tilviki er hér gert ráð fyrir því að Þjóðskrár Íslands haldi utan um umsóknarferli, sem geti verið rafrænt, og geri Grindvíkingum kleift að velja að nýta kosningarrétt í sveitarfélaginu jafnvel þótt þeir hafi ekki lengur skráð lögheimili þar. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulagið verði auglýst í Stjórnartíðindum og umsóknarfrestur renni út 45 dögum fyrir kjördag til þess að gera Þjóðskrár Íslands kleift að ljúka meðferð umsókna og frágangi í tæka tíð fyrir viðmiðunardag kjörskrár, sem er 38 dögum fyrir kjördag, sbr. 27. og 29. gr. laganna, og útgáfu kjörskrár í kjölfarið, sbr. 30. gr. Í 3. mgr. er einnig mælt fyrir um kærurétt á synjun Þjóðskrár Íslands innan sólarhrings, sem er sami kærufrestur og nú er mælt fyrir um í 33. gr. laganna. Enn fremur veitir 3. mgr. heimild til miðlunar upplýsinga um þá einstaklinga sem fá umsóknir samþykktar til sveitarstjórnar Grindavíkurbæjar og lögheimilissveitarfélags hvers og eins umsækjanda sem verður þó ekki virk fyrr en að loknum umsóknarfrestinum. Um er að ræða upplýsingar sem þessir aðilar myndu að öðrum kosti fá við útgáfu kjörskrár nokkrum dögum síðar, en rétt þykir að veita sérstaka heimild til að deila upplýsingum til þess að koma í veg fyrir vafaatriði, flýta fyrir yfirferð á meðmælendalistum o.s.frv. Upplýsingunum er ekki miðlað fyrr en eftir umsóknarfrestinn til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan þrýsting á kjósendur um að senda inn umsókn.

Í 4. mgr. er sett sérregla gagnvart 29. gr. laganna til þess að tryggja að gerð kjörskráa sé í samræmi við bráðabirgðaákvæðið. Tímamark það sem miðað er við er óbreytt, þ.e. viðmiðunardagur kjörskrár er 38 dögum fyrir kjördag líkt og almenna reglan í 29. gr. gerir ráð fyrir. Þeir sem nýta sér heimild 2. og 3. mgr. til þess að kjósa í Grindavíkurbæ, þrátt fyrir lögheimilisskráningu annars staðar, eru teknir á kjörskrá sveitarfélagsins, ásamt þeim sem eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu samkvæmt almennri reglu 4. gr., þ.e. eiga lögheimili skráð í sveitarfélaginu á viðmiðunardeginum. Samhliða eru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þeir sem kosningarrétt eiga í Grindavík séu ekki teknir á kjörskrá í öðrum sveitarfélögum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að kosningarréttur og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar í Grindavíkurbæ 2026 haldist að, líkt og er almenna reglan samkvæmt kosningalögum. Í 2. mgr. 6. gr. segir að kjörgengur í sveitarstjórn sé hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélagi skv. 4. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir sérreglu um kosningarrétt í Grindavíkurbæ gagnvart 4. gr. laganna er þessi regla 2. gr. frumvarpsins nauðsynleg til þess að tryggja samræmi, en efnislega er reglan sambærileg því sem gilt hefur, þ.e. að kjörgengi sé bundið við kosningarrétt. Þar sem kosningarréttur í Grindavíkurbæ hefur í för með sér að kjósandi telst afsala sér kosningarrétti í

lögheimilissveitarfélagi, sbr. 1. gr. frumvarpsins, leiðir af gildandi reglu 2. mgr. 6. gr. laganna að viðkomandi er ekki kjörgengur í sveitarstjórn í lögheimilissveitarfélagi sínu.

Ákvæði 2. mgr. gerir ráð fyrir að kjörgengi frambjóðenda haldist út kjörtímabilið, þótt viðkomandi eigi ekki lögheimili í sveitarfélaginu, eða flytji lögheimili sitt síðar úr sveitarfélaginu. Efnislega er 2. mgr. ákvæðisins sambærileg bráðabirgðaákvæði XIV í gildandi kosningalögum, sem bætt var við lögin með 11. gr. laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024 þar sem mælt er fyrir um að lögheimili í sveitarfélaginu sé ekki kjörgengisskilyrði fram að sveitarstjórnarkosningum 2026. Í skýringum með ákvæðinu segir að í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í Grindavíkurbæ hafi verið talin ástæða til að víkja frá þessu skilyrði fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2026 til að tryggja starfhæfi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar. Þar sem óvissa vegna jarðhræringa er enn uppi, og vegna þess að frumvarp þetta gerir ráð fyrir að víkja frá skilyrði um lögheimili í sveitarfélaginu hvað varðar kosningarrétt og kjörgengi, er nauðsynlegt að tryggja að þeir sem kjörnir verða í sveitarstjórn í sveitarstjórnarkosningunum 2026 haldi kjörgengi sínu út kjörtímabilið, óháð skráningu á lögheimili. Þeir geta hins vegar misst kjörgengi sitt líkt og almennt gerist með því að uppfylla ekki skilyrði um óflekkað mannorð.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá sérreglu að kjörstaður verði utan Grindavíkurbæjar ef umferð um sveitarfélagið verður bönnuð á kjördag.

Í 124. gr. er nú að finna ákvæði um frestun kosninga af óviðráðanlegum orsökum, annars vegar ef kosningin ferst fyrir á boðuðum kjördegi, sbr. 1. mgr., og hins vegar ef yfirkjörstjórn frestar kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin, sbr. 2. mgr. Í báðum tilvikum skal boða til kjörfundar að nýju innan viku. Ákvæði 124. gr. tekur þannig á tilteknum ófyrirsjáanlegum aðstæðum en veitir ekki heimild til þess að fresta kosningum með fyrirvara vegna fyrirsjáanlegra óviðráðanlegra orsaka. Í tilviki Grindavíkurbæjar kemur t.d. til greina að eldsumbrot nokkrum dögum fyrir boðaðan kjördag valdi því að umferð um og dvöl í sveitarfélaginu sé bönnuð á kjördag og bannið gæti enn haldið gildi sínu viku eftir kjördag. Í því tilviki leysir 124. gr. ekki úr því hvernig kosningarnar skuli fari fram.

Með frumvarpsákvæðinu er mælt fyrir um að ef dvöl í eða umferð um Grindavíkurbæ hefur verið bönnuð á grundvelli 23. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008, eða annarra viðeigandi réttarheimilda, muni kosningar engu að síður fara fram á áður tilgreindum kjördegi. Kjörstaður verði hins vegar ákveðinn sérstaklega af sveitarstjórn, að höfðu samráði við landskjörstjórn, og verði utan marka sveitarfélagsins.

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að kosningum sé frestað þótt óframkvæmanlegt sé að halda kjörfund í Grindavíkurbæ sjálfum. Í ljósi þess að Grindvíkingar hafa nú þegar þurft að gera ráðstafanir til þess að halda áfram sínu daglega lífi, eftir því sem unnt er, þótt komi til rýmingar bæjarins, þykir þessi kostur ákjósanlegri en að veita stjórnvöldum frekari heimildir til þess að fresta kosningunum. Að halda kjörfund utan sveitarfélagsins, við þær aðstæður sem hér eru til skoðunar, telst ekki verulega íþyngjandi fyrir kjósendur, einnig í ljósi möguleika á því að kjósa utan kjörfundar.

Líkt og tekið er fram í ákvæðinu gæti engu að síður komið til þess að kosningunum yrði frestað á grundvelli 124. gr. laganna, sem gæti t.d. átt við ef rýma þarf bæinn á kjördag vegna skyndilegs hættuástands.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar fram að sveitarstjórnarkosningum 2030. Með 11. gr. laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, nr. 40/2024, var mælt fyrir um að lögheimili í sveitarfélaginu væri ekki skilyrði kjörgengis í nefndir, ráð og stjórnir fram til kosninganna 2026. Hér er gert ráð fyrir því að kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir Grindavíkurbæjar eftir kosningarnar 2026 og fram að kosningum 2030 ráðist annars vegar af því hverjir áttu kosningarrétt í kosningunum 2026 samkvæmt þeim sérreglum sem frumvarpið mælir fyrir um og hins vegar af því hverjir eigi kosningarrétt á hverjum tíma samkvæmt almennum reglum, þ.e. eigi lögheimili í sveitarfélaginu og uppfylli önnur skilyrði kosningarréttar. Með þessari reglu er brugðist við þeim möguleika að Grindvíkingar þurfi áfram að eiga fasta búsetu utan sveitarfélagsins en geti þó tekið þátt í stjórn sveitarfélagsins með því að taka sæti í nefndum, stjórnnum og ráðum. Hins vegar er með þessari reglu gert ráð fyrir þeim möguleika að fólk flytjist til Grindavíkur og eigi þar lögheimili og þar með kosningarrétt samkvæmt almennum reglum.

Í lokamálslið ákvæðisins er girt fyrir að einstaklingur geti á grundvelli sérstöðu Grindavíkurbæjar setið í nefnd tveggja sveitarfélaga samtímis. Vegna sérreglu frumvarpsins um kosningarrétt í Grindavík í sveitarstjórnarkosningunum 2026 er ekki útilokað að einstaklingur hefði átt kosningarrétt í Grindavík 2026 en þegar nýtt kjörtímabil hefst ætti hann lögheimili, og því kosningarrétt samkvæmt almennum reglum og þar með kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir, í lögheimilissveitarfélagi sínu. Sú regla sem hér er mælt fyrir um kemur ekki í veg fyrir að einstaklingur kjósi í Grindavík 2026 en taki síðan sæti í nefnd annars sveitarfélags að loknum kosningum. Slíkt veldur enda engum vandkvæðum, ekki frekar en þegar einstaklingur flytur í annað sveitarfélag að loknum kosningum. Reglan kemur hins vegar í veg fyrir að einstaklingur taki sæti taki sæti í nefndum tveggja sveitarfélaga.

Um 5. gr.

Þessu ákvæði frumvarpsins er ætlað að eyða hugsanlegum vafa vegna samspils lögheimilisskráningar og skráningar aðseturs á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða V í lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018. Í umræddu ákvæði til bráðabirgða V, sem bætt var við lögum með lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023, er mælt fyrir um heimild til handa Grindvíkingum að skrá aðsetur sitt innan lands, m.a. í húsnæði sem almennt teldist ekki tækt til fastrar búsetu, þ.e. í fjöldahjálparstöðvum, frístundabyggð og atvinnuhúsnæði. Með orðalagi ákvæðis til bráðabirgða V er ekki beinlínis mælt fyrir um heimild til að halda fyrri lögheimilisskráningu óbreyttri, heldur einungis heimild til að skrá aðsetur. Þar er heldur ekki mælt fyrir um að aðsetursskráning falli niður ef komi til þess að viðkomandi einstaklingur skrái lögheimili á nýjum stað, utan Grindavíkurbæjar. Þetta getur hugsanlega valdið vafa t.d. í þeim tilvikum þar sem einstaklingur, sem átti lögheimili í Grindavík þann 9. nóvember 2023, skráði aðsetur eftir rýmingu bæjarins í öðru sveitarfélagi, en hefur síðar flutt lögheimili sitt í þriðja sveitarfélagið.

Til samanburðar má benda á að í aðsetursskráningarheimild 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, segir að alþingismanni sé heimilt að eiga áfram lögheimili á þeim stað þar sem hann hafði fasta búsetu áður og í 1. mgr. 9. gr. segir að námsmanni erlendis sé „heimilt að hafa lögheimili á Íslandi“. Æskilegt er að eyða hugsanlegum vafa um lögheimilisskráningu þeirra Grindvíkinga sem skráð hafa aðsetur sitt innanlands.

Í ákvæðinu er því tekið af skarið um að sá sem skráð hefur aðsetur sitt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V sé heimilt að eiga áfram skráð lögheimili í Grindavíkurbæ á meðan aðsetursskráningin er í gildi, enda eigi viðkomandi ekki skráð lögheimili annars staðar, sbr.

einnig reglu 1. mgr. 2. gr. laganna um að ekki sé heimilt að eiga lögheimili á Íslandi á fleiri en einum stað í senn. Aðsetursskráning hefur eftir sem áður engin áhrif á kosningarrétt. Ákvæðið veitir heimild til að halda skráningu lögheimilis í Grindavíkurbæ, eftir atvikum án þess að heimilisfang sé tilgreint, enda margir Grindvíkingar í þeirri stöðu að þeirra fyrra lögheimili er nú í eigu Þórkötlunnar ehf. eða annarra aðila. Vegna tímafresta í ákvæði til bráðabirgða V er ljóst að heimild ákvæðisins til aðsetursskráningar mun ekki falla niður fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2026.